

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

*Breyting á deiliskipulaginu „Nónvík“.*

Þann 21. mars 2023, samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulaginu „Nónvík“ frá 2011 vegna Hjallatanga 48 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum Hjallatanga 44 og 46 og fór kynningin fram 19. mars til 16. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin er tilkomin vegna mikils landhalla og jarðvegsdýptar á Hjallatanga 48 og er byggingarreit breytt lítillega og er nú heimilt að byggja hús á tveimur hæðum með aðkomu frá götu á efri hæð hússins. Hæð undir aðkomuhæð hefur óniðurgrafinn vegg til suðurs.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 5. júní 2024.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2024